

Fundur hjá skólaráði kl. 16:00 8. Júní 2015

Mætt: Svandís, Irena, Jóna, Feyja og Þorsteinn. Aðrir mættu ekki og boðuðu ekki forföll.

Efni fundarins er:

1. Nýtt skólaráð 2015-2017.

Skólastjóri: Svandís Egilsdóttir

Fulltrúi nemenda: Bóas Jakobsson og Nanna Olga Jónsdóttir (kosnir á skólafundi)

Fulltrúar kennara: Jóna Björg Sveinsdóttir og Hólmfríður Lúðvíksdóttir (kosnar á kennarafundi)

Fulltrúi foreldra grunnskólabarna: Freyja Jónsdóttir (kosin á foreldrafélagsfundi)

Fulltrúi foreldra leikskólabarna/grenndarsamfélags: Irena Boyko (kosin á foreldrafélagsfundi)

Fulltrúi frá grenndarsamfélaginu/foreldra: Þorsteinn Kristjánsson (kosinn á kennarafundi eftir samráð við foreldraráð)

Fulltrúi annarra starfsmanna: Verður kosinn á starfsmannafundi í haust.

Varamenn:

Jón Sigmar Sigmarsson ( foreldri grunnskólabarna )

Renata Miszewska ( foreldri leikskólabarna)

Bryndís Snjólfisdóttir (kennari)

Jónatan Smári Guðmundsson, Björn Benedikt Andrússon, Gylfi Arinbjörn Magnússon, Jóhann Ari Magnússon(nemandi)

2. Hlutverk skólaráðs. Farið yfir lög um skólaráð og hlutverk þess.

- Skólaráð og nemendaráð grunnskólans skulu að jafnaði hittast einu sinni á ári og skal skólastjóri boða til þess fundar. Stefnt á fund í haust með þessum aðilum.

3. Starfsáætlun. Það stendur til að útbúa starfsáætlun sem eitt plagg en sem stendur er þær upplýsingar sem finnast á heimasíðu skólans sem ígildi starfáætlunar.

4. Starfið næsta vetur.

- Borist hefur ein umsókn frá Söru Hrund Gunnlaugsdóttir. Hún er ekki kennaramenntuð en er mússikmeðferðarfræðingur. Hún hefur starfað á geðheilbrigðisviði hjá Landspítalanum og hefur góð meðmæli þaðan. Hún er fjölskyldu kona, á tvö börn og mann. Verið að athuga með húsnæði fyrir hana en þar eru góðar horfur og ef þetta gengur allt upp verður Sara ráðin til starfa að fenginni undanþágu. Bryndís Snjólfisdóttir verður ráðin í 50% stöðu að fenginni undanþágu, Hafþór Snjólfur Helgason verður með tónlistarkennslu (einkatíma), Ásgrímur Ingi Arngrímsson mun kenna sund en þá vantar að ráða í hálfu stöðu. Ákveðið að auglýsa aftur og sjá hvort ekki sækir einhver um en um er að ræða stuðningskennslu að mestu leyti. Ef Sara Hrund verður ráðin kemur hún með tvö lítil börn inn á leikskólann þannig að ráða þarf þar í 50% starf, Bryndís Snjólfisdóttir hefur gefið jákvætt svar við því að starfa þar.
- Orðið laust um starfið s.l. vetur:  
**Söngur og samskipti.** Spurt um hvernig þeir tímar hafa komið út í vetur. Heimsóknir frá foreldrum og öðrum heppnuðust mjög vel og voru ánægjulegir. Það var misjafn áhugi fyrir söng en þetta allt verður þróað áfram. Þessir tímar verða áfram næsta vetur en aðeins með

breyttu sniði.

**Tungumálakennsla.** Það hefur reynst vel í vetur að hafa lotubundna ( vika og vika ) kennslu í þessum greinum. Ákveðið að hafa þetta svona áfram næsta vetur.

**Samfélagsfræði – náttúrufræði.** Hugmynd að hafa þessar námsgreinar líka lotubundnar næsta vetur.

**Umhverfismennt/lífsleikni.** Verið að skoða að hafa eina kennslustund á viku í þessum greinum næsta vetur þar sem verkefni tengd Grænfána og Heilsueflandi skóla verða fléttuð inn í.

**Heimanámstímar/stuðningstímar.** Gerð var úttekt á skólanum s.l. vetur á vegum Skólaskrifstu Austurlands vegna fyrirspurnar frá foreldrum. Skólinn kom vel út í þessari úttekt en þar kom fram að skoða mætti að hafa heimanámstíma inn á töflu hjá nemendum. Búið er að taka saman svör úr viðhorfskönnun foreldra og nemenda vorið 2015 og þar kemur fram að meirihluta finnst heimanám ekki of mikið. Rætt um að hafa frekar stuðningstíma en heimanámstíma. Stuðningstímar þessir myndu þá vera frjálsir en ekki innan þess tímafjölda sem nemendum er ætlað á viku.

**Valtímar.** Valtímar gengu vel í vetur, sérstaklega þar sem nemendur völdu sér sjálfir viðfangsefni. Valvikan í vor gekk líka vel og nemendur virðast ánægðir með skipulagið á henni. Orðið verður við óskum þeirra varðandi skyndihjálparnámskeið og kvikmyndagerð næsta haust og verið að skoða hvort kvikmyndagerðin verði í tengslum við starfsfræðslu næsta veturs þ.e. tveir dagar verði teknir undir starfsfræðslu í haust. Skólastjóri hefur haft samband við kvikmyndagerðarfólkið sem verður hér í haust og það tók vel í þessa hugmynd.

**5. Skóladagatal.** Farið yfir skóladagatal. Starfsdagar eru 5 á starfstíma nemenda og 8 utan starfstíma nemenda. Stefnt á að fara í gönguferð 25 ágúst til Loðmundarfjarðar ef veður leyfir. Grænfánadagur að hausti þar sem allir fara saman yfir markmiðin okkar og nýjir kennarar og nemendur eru settir inn í verkefnið. Skólaskrifstofuskimanir þar sem sérfræðingar Skólaskrifstofunnar koma og taka skimanir á nemendum eru nú inni á skóladagatali. Vetrarfrí nemenda að hausti er nú mánudag og þriðjudag síðast í október. Skólaferðalag 9. og 10. bekkjar, tillaga kom fram um að fara 12. – 18. maí en ákveðið að hafa fund með nemendum og foreldrum í haust til að ræða þessi mál. Kennarar stefna á að fara til Finnlands í námsferð næsta vor. Nánar rætt um dagsetningar síðar þegar þetta liggur betur fyrir. Rætt um alla þessa öðruvísi daga t.d. Dag náttúrunnar, Dag læsis, Tannverndarvika, 112 Dagurinn. Sumt af þessum dögum fléttast inn í skólastarfið en ekki allir.

Skólaráðið gerir ekki athugasemdir við skóladagatalið það því sent til skólanefndar til samþykktar.

**6. Heilsueflandi skóli.** Skólaráðið velur að taka fyrir flokkinn „Hreyfing og öryggi“ og vinna með hann allan næsta vetur.

**7. Læsisstefnan.** Hún nær til grunn- og leikskóla. Kennarar búnir að setja niður hvaða leiðir er hægt að fara til að bæta leshraða, lesskilning og efla áhuga nemenda. Þessar leiðir kynntar og þær ræddar. Verður kynnt foreldrum í haust.

Fundi slitið kl. 18:58

Jóna Björg ritaði.

